

1987 nr. 36 27. mars**Lög um listmunauppböð o.fl.¹⁾**

¹⁾ Falla úr gildi 1. janúar 1999 skv. l. 28/1998, 26. gr.

■ **1. gr.** Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppböði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

□ Uppbóðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

□ Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

□ Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

■ **2. gr.** Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppböð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppbóðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafn- aðrarlega og teljast hæfir til uppbóðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

■ **3. gr.** Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur

fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslæuna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur¹⁾ um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna.

¹⁾ Rg. 244/1993.

■ **4. gr.** Leyfishafar eða uppbóðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppböði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

■ **5. gr.** Leyfishafar skulu kynna uppbóðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppbóðs.

□ Í uppbóðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

□ Kaupandi uppbóðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við sölu, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

□ Þegar uppböð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

■ **6. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

■ **7. gr.** Í reglugerð¹⁾ má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 244/1993.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi . . .